



Fundargerð

Stjórn SSA 25. sept. 2010 kl. 12.20. Fundarstaður Íþróttahúsið Breiðdalsvík .

Kosning nýrrar stjórnar SSA 44. aðalfundi SSA.

Aðalmenn

Varamenn

Stjórn SSA: Norðursvæði:

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshérað
Sigrún Blöndal, Fljótsdalshérað
Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjörður
Þórunn Egilsdóttir, Vopnafjörður

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdal
Jón Þórðarson, Borgarfjörður
Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfjörður
Guðrún Anna Guðnadóttir, Vopnafjörður

Stjórn SSA: Suðursvæði:

Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð
Páll Baldursson, Breiðdalsvík
Gauti Jóhannesson, Djúpavogi

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalsvík
Andrés Skúlason, Djúpavogi

Að loknum 44. aðalfundi SSA kom nýkjörin stjórn saman til fyrsta fundar :
Mætt eru: Þórunn Egilsdóttir, Stefán B. Sveinsson, Sigrún Blöndal, Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson og varamaður Ólafur H. Sigurðsson. Framkvæmdastjóri mættur.

1. Þ.J. og ÓHS buðu nýkjörna fulltrúa í stjórn velkomna til starfa, og fóru yfir stjórnarkjör aðalfundarins. 5 stjórnarmenn eru nýir í stjórn. Kynjahlutfall hefur lagast þar sem nú eru 3 konur í stjórn.

2. Kosningar .

2/1 Kosning formanns .

Formaður SSA var kosinn Valdimar O Hermannsson

2/2 Kosning fyrsta varaformanns.

Fyrsti varaformaður var Stefán Bogi Sveinsson

2/3 Kosning annars varaformanns.

Annar varaformaður var kosinn Páll Baldursson.

2/4 Framkvæmdaráð SSA skipa :

Valdimar O. Hermannsson, Stefán B. Sveinsson og Páll Baldursson.

3. Samþykktir aðalfundar SSA 2010.

Samþykkt er að formaður og framkvæmdastjóri gangi frá samþykktum aðalfundarins og komi þeim á framfæri til þeirra aðila sem við á og fylgja þeim síðan eftir eins og venja er til.

4. Fundartími tilhögun stjórnarfundar og framkvæmdaráðsfunda.

Tekið fyrir að ræða fundardaga stjórnar og fyrirkomulag þeirra.

Samþykkt að mánudagur verði viðmiðunardagur fyrir stjórnarfundum og þeir hefjist um eða eftir hádegi fundardaga.

Rétt þykir að skoða oftari með símafundi stjórnar þegar því verður við komið og þykir henta. “Snertifundir” stjórnar verði þó meginreglan.

Framkvæmdaráðs fundum sem hafa verið á móti stjórnarfundum annan hvern mánuð mun þá eitthvað fækka á móti.



Landsþing Sambandsisn er framundan á Akureyri 29 sept – 1. okt. Framkvæmdastjóri og formaður sitja þingið. Síðasta embættisverk núverandi framkvæmdastjóra fyrir SSA er að vera viðstaddur opnun Héðinsfjarðarganga 2. okt. nk.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga er um miðjan okt í Reykjavík . Formaður og framkvæmdastjóri nýta að venju þá funduferð til að koma á framfæri og fylgja eftir samþykktum 44. aðalfundar SSA .

Stefnt er á stjórnarfund mánudaginn 25. Okt.nk.

5. Prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA

Óskað hefur verið eftir því af viðskiptabanka SSA að prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA verði endurnýjuð og staðfest á reikninga SSA .

Samþykkt að fela formanni að ganga frá staðfestingunni fyrir nýráðinn framkvæmdastjóra.

6. Skrifstofa SSA til Djúpavogs.

Nú við framkvæmdastjóra skipti 1. okt. nk.mun skrifstofa SSA flytja frá Seyðisfirði til Djúpavogs.Skrifstofuþjónusta Austurlands (SKRA) Margrét V. Knútsdóttir mun áfram færa bókhald SSA þar til annað verður ákveðið.

Framkvæmdastjóri (P.J.) óskaði nýrri stjórn SSA velfarnaðar í störfum og þakkaði fyrir sig.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 12.45.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson